

Nd.

952. Frumvarp til laga

[73. mál]

um varnir gegn mengun sjávar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 718 með þessum breytingum:

21. gr. hljóðar svo:

Siglingamálastofnun ríkisins getur látið fara fram athugun á skipum, vinnu- og borpöllum á sjó og hjá fyrirtækjum í landi án dómsúrskurðar ef hætta er á mengun sjávar eða mengun hefur orðið sem brýtur gegn lögum þessum. Siglingamálastofnun ríkisins leitar aðstoðar Landhelgisgæslu Íslands, hafnaryfirvalda, Hollustuverndar ríkisins, Geislavarna ríkisins, Náttúruverndarráðs og annarra opinberra aðila eftir því sem þörf krefur. Athuginin skal ekki valda ótilhlýðilegri röskun á starfsemi eða ónauðsynlegum útgjöldum fyrir viðkomandi.

33. gr. hljóðar svo:

Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum hlutaðeigandi stjórnvalds um að vinna verk eða koma upp búnaði sem fyrir er mælt í lögum þessum eða reglum settum skv. þeim má ákveða honum dagsektir þar til úr er bætt.

Hámark dagsekta skal ákveðið í reglugerð og renna þær í sjóð skv. 32. gr.